

Samningur velferðarráðuneytisins og Hveragerðisbæjar um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks 2017–2019

1. Samningsaðilar

- 1.1. Verkkaupi er velferðarráðuneytið, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, kt: 601210-1340.
- 1.2. Verksali er Hveragerðisbær, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, kt: 650169-4849.

2. Tilefni samnings

Ríkisstjórn Íslands samþykkti að taka á móti sýrlenskum flóttafjölskyldum á ríkisstjórnarfundum 24. maí 2016. Hópurinn mun koma til Íslands í lok janúar 2017 og lýtur samningur þessi að móttöku, aðstoð og stuðningi við sjö flóttamenn, þar af fimm börn, yfir 24 mánaða tímabil. Gert er ráð fyrir samstarfi milli Hveragerðisbæjar, Árborgar, Rauða krossins á Íslandi og velferðarráðuneytisins við veitingu aðstoðar og þjónustu samkvæmt samningi þessum og í samræmi við viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks frá 10. maí 2013 og leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks frá maí 2014, þó með þeim frávikum sem leiðir af efni samnings þessa og kostnaðaráætlun sem er hluti af samningi þessum, (sbr. fylgiskjal 1).

3. Verkefni verkkaupa

Með samningi þessum tekur verkkaupi að sér að:

- 3.1. Veita fjármagni til móttökuverkefnisins að teknu tilliti til þarfa einstaklinganna sem hingað koma og umfangi verkefnisins í samræmi við kostnaðaráætlun sem er hluti af samningi þessum (sjá fylgiskjal 1). Samið er til tveggja ára. Á öðru ári er greitt fyrir túlkupjónustu, námskeið og frístundir fyrir börn upp að ákveðinni fjárhæð ef þörf krefur, auk þess sem haldið verður áfram að endurgreiða framfærslu ásamt sálfræðikostnaði eins og gert hefur verið frá upphafi. Lokauppgjör fer fram að tveimur árum liðnum. Heimilt verður að færa kostnað vegna einstakra liða milli ára á samningstímanum séu þeir vannýttir. Að 12 mánuðum liðnum tekur við stuðningur og aðstoð í samræmi við reglur viðkomandi móttökusveitarfélags um fjárhagsaðstoð, sbr. einnig ákvæði VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.
- 3.2. Skipa samráðshóp vegna stuðnings og aðlögunar við flóttafólk. Samráðshópin skipa tveir fulltrúar sveitarfélags, fulltrúi Rauða krossins á Íslandi, fulltrúi deildar Rauða krossins í viðkomandi sveitarfélagi og fulltrúi velferðarráðuneytisins sem er formaður hópsins. Um verkefni samráðshópsins fer eftir 12. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013.
- 3.3. Skipa framkvæmdahóp sem í eiga sæti fulltrúar Rauða krossins og sveitarfélagsins sem vinna að daglegum verkefnum vegna móttökunnar. Um verkefni framkvæmdahópsins fer eftir 13. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar frá 10. maí 2013.

- 3.4. Annast undirbúning komu flóttafólks, þar með talið ferðatilhögun og fræðslu til flóttafólksins fyrir komu til Íslands.
- 3.5. Sinna fræðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaga eftir þörfum.
- 3.6. Útbúa upplýsingaefni fyrir flóttamannahópinn í samvinnu við fulltrúa viðkomandi sveitarfélags áður en hópurinn kemur til landsins.
- 3.7. Gera kostnaðaráætlun vegna móttöku flóttafólks í samráði við verksala. Kostnaðaráætlunin er hluti af samningi þessum, (sbr. fylgiskjal 1). Í kostnaðaráætlun skal jafnframt gert ráð fyrir varasjóði sem nemi 5% af heildarkostnaði samnings þessa.

4. Önnur verkefni ríkisins

- 4.1. Tryggja ungmennum á aldrinum 16–24 ára námstilboð við hæfi í framhaldsskóla á fyrsta ári. Að því tímabili loknu skal veita þeim námsráðgjöf um frekara framhaldsnám og símenntun. Tryggja ungmennum í framhaldsskóla rétt til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og gefa þeim tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sé það mögulegt.
- 4.2. Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda úr hópi flóttamanna. Móttökuáætlun skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum á tungumáli sem þau skilja. Þá skal móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.
- 4.3. Veita alla nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Enn fremur skal verkkaupi greiða hlut sjúklings í kostnaði við heilbrigðisþjónustu sem þörf er á fyrstu sex mánuði dvalar flóttafólksins samanber fylgiskjal 1.

5. Verkefni verksala

Samningur þessi tekur til þjónustu og náms sem ætla má að flóttafólkið þarfnist og er á hendi sveitarfélaga.

Með samningi þessum tekur verksali að sér að:

- 5.1. Annast umsýslu fjármagns vegna verkefnisins og greiðslu reikninga í samræmi við kostnaðaráætlun.
- 5.2. Taka saman upplýsingar um fjárhagsstöðu móttökuverkefnisins, sbr. gr. 6.2., á miðju samningstímabilinu og við lok þess. Lokauppgjöri skal skila eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að verkefni lýkur.
- 5.3. Útvega íbúðarhúsnæði fyrir flóttafólk.
- 5.4. Tryggja börnum leikskóladvöl. Verkkaupi greiðir grunnkostnað sem og sértækan kostnað sveitarfélaga vegna leikskóla.
- 5.5. Innritun og eftirfylgni í grunnskóla og frístundaheimili.
- 5.6. Aðstoða við leit að hentugum tómstundum fyrir börnin og aðstoð við skráningar.
- 5.7. Veita sérfræðiaðstoð félagsráðgjafa, geðlækna, sálfræðinga og stuðningsfulltrúa. Mat á þörf fyrir sérfræðiaðstoð fer fram í félagslegri ráðgjöf.

- 5.8. Tryggja alla nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Þetta á við um lyfseðilsskyld lyf og hjálpartæki, svo sem gleraugu og heyrnartæki. Að sex mánuðum liðnum skal flóttafólkið sjálft greiða hlut sjúklings í heilbrigðis- og lyfjakostnaði, enda sé búið að greina og meðhöndla eins og kostur er þá sjúkdóma og heilsubrest sem flóttafólkið kann að hafa haft við komuna til landsins. Sé heilsa flóttamanns lakari en upphafleg greining sagði til um, eða ástand sem hefur hlotið meðhöndlun við komu hefur ekki batnað, skal verksali í samráði við verkkaupa kalla eftir endurskoðun á kostnaðaráætlun vegna þess aðila.
- 5.9. Í samráði við verkkaupa skal veita flóttafólki kost á tannlækningum sbr. 23. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hóp flóttafólks. Sú þjónusta skal látin þeim í té að kostnaðarlausu og miðast við að gert sé við skemmdar tennur og nauðsynlegri tannsmíði sinnt ásamt fræðslu um tannhirðu. Ekki er greitt fyrir gullfyllingar eða krónu- og brúargerð.
- 5.10. Leitast við að börn flóttafólks fái í leik- og grunnskólum kennslu í og á eigin móðurmáli. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda.
- 5.11. Gefa flóttafólki, þar á meðal börnum á leik-, grunn- og framhaldsskólaldri, kost á ókeypis kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og samfélagsfræðslu. Miða skal við að börnum sem fullorðnum sé boðið upp á heildstætt nám í íslensku. Leitast skal við að íslenskukennarinn tali móðurmál flóttafólksins.
- 5.12. Aðstoða við atvinnuleit í samvinnu við Vinnumálastofnun.
- 5.13. Veita aðra þjónustu á vegum sveitarfélagsins, gerist þess þörf.
- 5.14. Greiða fyrir túlkþjónustu og aðkomu móðurmálskennara í grunnskóla og stuðning í framhaldsskóla..
- 5.15. Taka saman stöðumatsskýrslu um aðstæður fjölskyldnanna níu mánuðum eftir komu þeirra til landsins og aftur við lok verkefnisins, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að því lýkur.
- 5.16. Taka þátt í fræðslu- og kynningarstarfi fyrir samstarfsaðila verkefnisins í samvinnu við samstarfshópinn.
- 5.17. Tilnefna fulltrúa í framkvæmdahóp og samráðshóp móttökuverkefnisins.
- 5.18. Veita starfsfólki sem á aðkomu að móttökuverkefninu stuðning og handleiðslu miðað við þarfir hvers og eins.

6. Greiðslur, fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

- 6.1. Verkkaupi greiðir verksala kr. 23.638.200 á gildistíma samningsins fyrir þá þjónustu sem fram kemur í 5. gr., með hliðsjón af kostnaðaráætlun móttökuverkefnisins, sbr. fylgiskjal 1 með samningi þessum. Fjárhæðin greiðist í þrennu lagi; kr. 11.000.000 koma til greiðslu við undirritun samningsins inn á reikning 314-26-600, merkt kostnaðarstað *flóttafólk*, kr. 8.200.000 koma til greiðslu eigi síðar en 1. apríl 2017 og kr. 4.438.200 koma til greiðslu þegar 12 mánuðir eru liðnir frá undirritun samnings, sbr. þó gr. 6.2. og 6.3.
- 6.2. Verkkaupi greiðir verksala kr. 4.992.000 á gildistíma samningsins fyrir þá þjónustu sem fram kemur 5. gr., með hliðsjón af sameiginlegri kostnaðaráætlun móttökuverkefnisins, sbr. fylgiskjal 2 með samningi þessum. Heildarfjárhæðin er snýr að sameiginlegri kostnaðaráætlun er kr. 14.976.000 og greiðist fjárhæðin í þrennu lagi; 10.000.000 koma til greiðslu við undirritun samningsins inn á reikning 314-26-600, merkt kostnaðarstaða *flóttafólk*, kr. 3.000.000 koma til

greiðslu eigi síðar 1. apríl 2017 og kr. 1.976.000 koma til greiðslu 12 mánuðum eftir undirritun samnings.

- 6.3. Kostnaðaráætlun verkefnisins skal endurskoðuð að 12 mánuðum liðnum að teknu tilliti til stöðumatsskýrslna sem þá liggja fyrir um móttökuverkefnið. Þá geta samningsaðilar hvor um sig óskað eftir að kostnaðaráætlun verði endurmetin ef um veruleg frávik í kostnaði koma upp.
- 6.4. Óheimilt er að ráðstafa fjármunum til annarra verkefna en þeirra sem leiða af samningi þessum eða kostnaðaráætlun. Þá er óheimilt að færa fjármagn milli einstakra liða í kostnaðaráætlun nema sýnt sé fram á að vannýtt fjármagn á einum lið sé nýtt til að auka þjónustu við fjölskyldu samkvæmt öðrum lið. Komi í ljós í lok samningstíma að fjármununum hafi ekki verið ráðstafað í samræmi við samning þennan skal verksali endurgreiða mismuninn innan þriggja mánaða frá lokauppgjöri að undanskildum áætluðum kostnaði vegna sálfræðiþjónustu og kostnaði vegna túlkþjónustu fyrir sálfræðiþjónustuna, í samræmi við ákvæði 27. gr. og 28. gr. viðmiðunarreglnanna frá 10. maí 2013, sbr. fylgiskjal 2, auk túlkþjónustu, námskeiða og frístunda fyrir börn, sbr. lið 3.1.
- 6.5. Verksali skal afla samþykkis verkkaupa til hvers konar fjárhagslegra ráðstafana sem ekki falla beint undir kostnaðaráætlun. Ríkisendurskoðun getur framkvæmt fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðun á samningnum samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.
- 6.6. Halda skal kostnaði vegna verkefnisins til haga í bókhaldi verksala og veita verkkaupa upplýsingar um fjárhagsstöðu verkefnisins við endurmat kostnaðaráætlunar að loknum 12 mánuðum. Uppgjöri skal skila með sömu sundurliðun og kostnaðaráætlun. Lokauppgjöri skal skila tveimur mánuðum eftir að móttökuverkefni lýkur. Verksali skal veita verkkaupa upplýsingar um stöðu verkefnisins, óski hann þess. Upplýsingarnar skal afhenda í síðasta lagi tveimur vikum eftir að beiðni berst.

7. Meðferð ágreiningsmála og vanefndir

Telji samningsaðilar framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða samningsaðilar uppfylli ekki samningsskyldur sínar sem útlistaðar eru í 3.–5. gr. samningsins, þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lútandi. Eftir að athugasemdirnar hafa verið teknar upp í framkvæmdahópi og/eða samráðshópi, eftir því sem við á, ber viðeigandi samningsaðila að ráðast í úrbætur sem teljast mega nauðsynlegar miðað við efni samningsins, gerist þess þörf.

8. Réttarfar

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Framsal réttinda

9.1. Verksala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

9.2. Verksala er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

10. Samningstími

Samningur þessi er gerður skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og gildir frá undirritun og fram að þeim tíma að 24 mánuðir eru liðnir frá komu flóttafólksins.

11. Frumrit samnings og fyrirvari um staðfestingu

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvor um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og annað í vörslu verksala.

Reykjanesbæ, 23. janúar 2017

Þorsteinn Víglundsson

Félags- og jafnréttismálaráðherra

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðis

Fylgiskjal 1: Kostnaðaráætlun flóttamannaverkefnis 2017–2019 fyrir Hveragerðisbæ.

Fylgiskjal 2: Sameiginleg kostnaðaráætlun flóttamannaverkefnisins fyrir Hveragerðisbæ og Árborg.

Fylgiskjal 3: Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, dags. 10. maí 2013.